



# REGLUGERÐ UM AFREKSSJÓÐ ÍSÍ

---

## 1. GREIN - NAFN SJÓÐSINS OG HEIMILI

Sjóðurinn heitir Afrekssjóður Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, hér eftir Afrekssjóður ÍSÍ, og er til heimilis að Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

## 2. GREIN - MARKMIÐ SJÓÐSINS

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ starfar eftir þeirri meginstefnu sem mótuð er í Afrekisstefnu ÍSÍ. Meginhlutverk Afrekssjóðs ÍSÍ í uppbyggingu afreksíþróttá á Íslandi er að styðja sérsambönd fjárhagslega og þar með íslenskt afreksíþróttafólk við að ná árangri í alþjóðlegri keppni. Styrkveitingar skulu hafa það að meginmarkmiði að styðja við sérsambönd ÍSÍ vegna verkefna, jafnt á fjárhagslegan hátt sem og með aðgengi að ráðgjöf og þjónustu sem snýr að umhverfi afreksíþróttá.

## 3. GREIN - VERKEFNI SJÓÐSINS

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ mótar þær áherslur sem liggja að baki styrkveitingum og hvernig ráðstöfunarfé sjóðsins skuli nýtt hverju sinni. Sjóðsstjórnin gerir tillögur um úthlutun styrkja sem skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til endanlegrar staðfestingar.

## 4. GREIN - TEKJUR SJÓÐSINS

Afrekssjóður ÍSÍ nýtur framlags af fjárlögum ríkisins samkvæmt samningi milli Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytis auk framlags frá ÍSÍ.

## 5. GREIN - STJÓRN SJÓÐSINS

Í stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ sitja fimm einstaklingar. Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipar fjóra þeirra að loknu Íþróttapingi, til tveggja ára í senn, auk þess tilnefnir ráðherra íþróttamála einn stjórnarmann, á meðan ríkissjóður leggur fram fé til sjóðsins. Hafa þessir einstaklingar atkvæðisrétt á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipar formann og varaformann sjóðsins.

Við skipan í stjórn sjóðsins skal gætt að því að hlutfall kynja sé sem jafnast.

Formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ hefur rétt til setu á fundum sjóðsins með tillögurétt og málfrelsi.

## 6. GREIN - HÆFI STJÓRNARMANNA

Stjórnarmenn Afrekssjóðs ÍSÍ eru ekki fulltrúar sérsambanda eða íþróttagreina heldur skulu þeir starfa í þágu allra sérsambanda og íþróttagreina innan ÍSÍ. Þeir skulu vera sjálfstæðir í störfum sínum og óháðir. Stjórnarmenn gæta sjálfir að hæfi sínu við störf sín.





## **7. GREIN - STJÓRNARFUNDIR OG BOÐUN ÞEIRRA**

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí skal halda fundi eftir því sem við á en þó eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Formaður stjórnar sér um boðun funda og er stjórn ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund.

## **8. GREIN - REIKNINGAR SJÓÐSINS OG ENDURSKOÐUN**

Reikningsár Afrekssjóðs ÍSí er almanaksárið og skal halda bókhaldi sjóðsins aðskildu frá öðrum rekstri ÍSí.

Endurskoðun reikninga á sér stað samhliða reikningum ÍSí og fylgir þeim reglum sem gilda um endurskoðun á reikningum ÍSí.

## **9. GREIN - REKSTUR SJÓÐSINS**

Rekstur sjóðsins skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé hans.

Almenn umsýsla með sjóðnum s.s. að taka á móti umsóknum og öðrum erindum, sjá um reikningshald, fjárvörslu, greiðslur og skjalavörslu auk þess að birta upplýsingar um starfsemi sjóðsins og úthlutanir á heimasíðu ÍSí skal greidd samkvæmt samningi um fjármögnun Afrekssjóðs ÍSí við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Afreks- og Ólympíusviði ÍSí (hér eftir ÍSí) skal falin fagleg vinna að verkefnum sjóðsins samkvæmt samkomulagi við stjórn sjóðsins. Í því felst einkum:

- a) Annast upplýsingaöflun fyrir sjóðsstjórn gagnvart umsækjendum og öðrum hlutaðeigandi.
- b) Að leiðbeina umsækjendum og annast samskipti við umsækjendur eftir að úthlutun hefur átt sér stað.
- c) Að aðstoða stjórn sjóðsins við að uppfylla skyldur sínar.

Framkvæmdastjórn ÍSí skal hafa eftirlit með starfsemi sjóðsins.

## **10. GREIN - SKÝRSLUR**

Árlega skal gefin út rafræn skýrsla Afrekssjóðs ÍSí þar sem upplýsingar um umsóknir og styrkveitingar koma fram, sem og áherslur ársins. Þar skulu einnig koma fram hugleiðingar um framtíðarverkefni og áherslur sérsambandanna auk annarra atriða sem talið er mikilvægt að birta hverju sinni.

Þá skal ÍSí standa fyrir rafrænni útgáfu á samantekt á alþjóðlegum íþróttarángri og þátttöku ár hvert sem greinanlegt er á sérsambönd, aldur og kyn.

## **11. GREIN - SKILYRÐI FYRIR STYRKVEITINGUM**

Öllum sérsamböndum ÍSí er heimilt að sækja um styrk úr Afrekssjóði ÍSí en einungis eru veittir styrkir samkvæmt nánari fyrirmælum þessarar reglugerðar.

Eingöngu er heimilt að veita styrki til þeirra sérsambanda ÍSí sem hafa sett sér markvissa og raunhæfa afreksstefnu, ásamt aðgerðaráætlun.





Afreksstefnur sérsambanda ÍSí skulu taka mið af Afreksstefnu ÍSí sem er til umfjöllunar á Íþróttapingi ÍSí og uppfylla leiðbeinandi ramma um afreksstefnur sem framkvæmdastjórn ÍSí setur. Skal afreksstefnan hafa verið staðfest á sérsambandsþingi.

Aðgerðaáætlun sem er í raun framkvæmdaráætlun til skemmri tíma, tekur mið af áherslum í afreksstefnu og þeim samþykktum sem sérsambandsþing, fjárhagsáætlun og keppnisumhverfi setja. Slík áætlun þarf að mótast með aðkomu ÍSí og sérsambands og vera lykilskjál varðandi það starf sem er framundan.

Öll sérsambönd ÍSí skulu vera með skilgreint fagteymi. Mikilvægt er að upplýsingar um samsetningu teymis og kröfur varðandi fagteymi séu skilgreindar í afreksstefnu sérsambands.

Þau sérsambönd sem hljóta styrki úr Afrekssjóði ÍSí skulu taka þátt í alþjóðlegum mótum og keppnum, enda samræmis það meginmarkmiði sjóðsins.

Stuðningur Afrekssjóðs ÍSí felst í fjárframlögum vegna verkefna sem skulu vera fyrirfram skilgreind í aðgerðaráætlun viðkomandi sérsambands.

Við úthlutun styrkja og framlaga skal gæta jafnræðis, hlutlægni og gagnsæis.

## **12. GREIN - SKILGREINING AFREKA**

ÍSí skal á hverjum tíma skilgreina viðmið afreka í samvinnu við hvert sérsamband ÍSí og kynna innan íþróttahreyfingarinnar slík viðmið, sbr. Afreksstefnu ÍSí.

## **13. GREIN - VIÐMIÐ AFREKSFLOKKA**

Afrekssjóður ÍSí skal árlega flokka sérsambönd í þrjá afrekflokka út frá eftirfarandi viðmiðum:

### **13.1 - A/AFREKSSÉRSAMBÖND**

- a) Sérsambönd þar sem afreksstarfið felur í sér reglulega þátttöku á hæsta stigi í viðkomandi íþróttagrein, með frábærum árangri, s.s. verðlaunasæti eða með því að komast í úrslit. Í þessu sambandi getur sjóðsstjórn metið stærð íþróttagreinar á heimsvísu.
- b) Þarf viðkomandi sérsamband að hafa náð þeim árangri á síðustu fjórum árum.
- c) Í einstaklingsíþróttum skal horft til þess að hið minnsta tveir aðilar hafi náð að komast í úrslit eða unnið til verðlauna á HM/EM eða ÓL/PL á síðustu fjórum árum.
- d) Í einstaklingsgreinum skulu að auki vera fleiri aðilar sem hafa tekið þátt í alþjóðlegri keppni og hafa sýnt með árangri sínum að þau hafi möguleika til að komast í úrslit eða keppa um verðlaun á HM/EM og/eða ÓL/PL á komandi árum.
- e) Í einstaklingsgreinum má einnig taka tillit til þess ef að einstaklingur hefur unnið sér þátttökurétt á stærstu mótarið í heiminum í sinni íþróttagrein og keppir þar reglulega meðal þeirra bestu í heimi.
- f) Fyrir hópíþróttir gildir að sérsambandið hafi á að skipa liði sem hefur keppt á efsta stigi viðkomandi íþróttagreinar, þ.e. á ÓL/PL eða á lokamóti HM/EM.
- g) Til að sérsambönd séu metin sem A/Afrekssérsambönd skulu þau hafa starfandi íþróttastjóra/landsliðsþjálfara í fullu starfi á ársgrunni.





- h) Tryggt skal að þeir sem starfa fyrir hönd viðkomandi sérsambands hafi þá menntun sem ætlast er til, samkvæmt afreksstefnu viðkomandi sérsambands og alþjóðlegra sambanda.
- i) Til að sérsamband sé metið sem A/Afrekssérsamband þarf viðkomandi sérsamband að vera með öfluga hæfileikamótun og vera með einstaklinga sem talið er að geti komist í fremstu röð í heiminum í sinni íþróttagrein.
- j) Til að flokkast sem A/Afrekssérsamband þarf viðkomandi sérsamband að taka þátt í þeim HM og EM sem haldin eru af viðeigandi alþjóðasérsamböndum.
- k) Þau sambönd sem metin eru sem A/Afrekssérsambönd skulu vera með afreksstefnu sem gildir til átta ára hið minnsta.
- l) Til staðar þarf að vera aðgerðaráætlun til fjögurra ára.
- m) Styrkur Afrekssjóðs ÍSí mun aldrei fjármagna afreksstarf sérsambands að fullu. Til að sérsamband geti flokkast sem A/Afrekssérsamband skal það sýna fram á, með ábyrgum hætti, hvernig fjármagna eigi aðgerðaráætlun með sjálfsaflafé og framlagi Afrekssjóðs ÍSí.
- n) A/Afrekssérsambönd skulu vera með skilgreinda æfingaaðstöðu fyrir afreksstarf/landslíðsstarf sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi íþróttagreinar.
- o) A/Afrekssérsambönd skulu hafa á að skipa dómara með alþjóðleg réttindi og taka virkan þátt í alþjóðlegum verkefnum.
- p) Við mat innan flokksins er sérstaklega horft til möguleika á verðlaunasætum á ÓL/PL/HM/EM í viðkomandi íþróttagrein og afrekslista viðkomandi íþróttagreinar.

### **13.2 - B/ALÞJÓÐLEG SÉRSAMBÖND**

- a) Sérsambönd þar sem afreksstarfið felur í sér reglulega alþjóðlega þátttöku á heimsvísu í viðkomandi íþróttagrein, þar sem einstaklingar eru að keppa um stig á heimslista og reyna að vinna sér þátttökurétt á HM/EM og/eða ÓL/PL.
- b) Í einstaklingsíþróttum skal horft til þess hið minnsta að einn aðili hafa unnið sér þátttökurétt á HM/EM eða ÓL/PL á síðustu átta árum.
- c) Í einstaklingsgreinum skulu að auki vera fleiri aðilar sem hafa tekið þátt í alþjóðlegu starfi og hafa sýnt með árangri sínum að þau hafi möguleika til að vinna sér þátttökurétt á HM/EM og/eða ÓL/PL á komandi árum.
- d) Fyrir hópíþróttir gildir að sérsambandið hafi á að skipa liði sem er á afrekslista viðkomandi íþróttagreinar og tekur þátt í HM/EM með reglulegum hætti.
- e) Til að sérsambönd séu metin í flokk B/Alþjóðlegra sérsambanda skulu þau hafa starfandi íþróttastjóra/landslíðsþjálfara í hálfu starfi hið minnsta á ársgrunni.
- f) Tryggt skal að þeir sem starfa fyrir hönd viðkomandi sérsambands hafi þá menntun sem ætlast er til, samkvæmt afreksstefnu viðkomandi sérsambands og alþjóðlegra sambanda.
- g) Til að sérsambönd séu metin í flokk B/Alþjóðlegra sérsambanda þarf viðkomandi sérsamband að vera með öfluga hæfileikamótun og vera með einstaklinga sem talið er að geti komist í fremstu röð í heiminum í sinni íþróttagrein.
- h) Til að flokkast sem B/Alþjóðlegt sérsamband þarf viðkomandi sérsamband að taka þátt í þeim HM og EM sem haldin eru af viðeigandi alþjóðasérsamböndum.
- i) Þau sambönd sem metin eru sem B/Alþjóðleg sérsambönd skulu vera með afreksstefnu sem gildir til fjögurra ára.





- j) Til staðar þarf að vera aðgerðaráætlun til tveggja ára hið minnsta.
- k) Við mat innan flokksins er sérstaklega horft til umfangs alþjóðlegrar þátttöku í viðkomandi íþróttagrein og afrekslista viðkomandi greinar.

### **13.3 - C/PRÓUNARSÉRSAMBÖND**

- a) Um er að ræða sérsambönd sem ekki komast í flokk A/Afreks sérsambanda eða B/Alþjóðlegra sérsambanda, en taka þó þátt í alþjóðlegu landsliðsstarfi. Eru það sérsambönd sem taka þátt í HM, EM eða NM og nýta þá kvóta sem þeir hafa vegna þessara móta, eða eru að keppa í forkeppnum eða neðstu stigum viðkomandi greina. Er þá oftast verið að nýta kvóta eða boðssæti fyrir landsliðsfólk eða Íslandsmeistara í viðkomandi íþróttagrein.
- b) Fyrir hópíþróttir eru um að ræða lið sem taka þátt í riðlakeppni, eða neðri deildum viðkomandi íþróttagreinar.
- c) Þau sambönd sem metin eru sem C/Próunarsérsambönd skulu vera með afreksstefnu sem gildir til tveggja ára, en æskilegt er að afreksstefnan sé sett til fjögurra ára.
- d) Til staðar þarf að vera aðgerðaráætlun til eins árs hið minnsta.
- e) Við mat innan flokksins er sérstaklega horft til umfangs alþjóðlegrar þátttöku í viðkomandi íþróttagrein, þróun íþróttagreinar og afrekslista viðkomandi íþróttagreinar.

## **14. GREIN - GRUNDVÖLLUR STYRKVEITINGA**

Styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ eru fyrst og fremst til þess að greiða kostnað við æfingar og undirbúning undir keppni, sem og þátttöku í keppni á alþjóðlegum vettvangi. Þannig styrkir sjóðurinn verkefni sem snúa beint að verkefnum sérsambands samkvæmt aðgerðaráætlun þess.

Við úthlutanir er heimilt að taka sérstakt tillit til þess ef viðkomandi sérsamband hefur fengið beina styrki frá hinu opinbera eða öðrum aðilum.

ÍSÍ skal móta afrekslista fyrir íþróttagreinar sem tekur mið af heimslista viðkomandi íþróttagreinar að teknu tilliti til stærðar og samsetningar, skilgreiningar sérsambands og ÍSÍ á afrekum í viðkomandi íþróttagrein og stærð íþróttagreinar á heimsvísu. Skal slíkur listi notaður við mat stjórnar sjóðsins vegna styrkveitinga, en sjóðsstjórn er heimilt að meta styrkuppþæðir til sérsambanda með tilliti til afreksstefnu viðkomandi sérsambands, útbreiðslu og styrkleika íþróttagreinar svo og með hliðsjón af stöðu einstaklinga og/eða viðkomandi liða á heimsvísu.

## **15. GREIN - STYRKUPPHÆÐIR**

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ skilgreinir þær upphæðir sem eru til úthlutunar í hverjum flokki og ákveður fjárhæð styrkja í hverju tilfalli.

Leitast skal við að allt að 75% af styrkuppþæð hvers árs sé veitt til sérsambanda í flokki A/Afrekssérsambanda, allt að 40% til sérsambanda í flokki B/Alþjóðlegra sérsambanda og allt að 15% til sérsambanda í flokki C/Próunarsérsambanda.

Styrkveitingar innan hvers flokks sérsambanda þurfa ekki að vera þær sömu og ráðast af matskenndri ákvörðun stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ vegna umfangs afreksstarfs og verkefna sem koma fram í aðgerðaráætlun og umsókn viðkomandi sérsambands.





Sérsambönd raðast í flokka eftir besta árangri innan sérsambands, þ.e. hvort heldur vegna liða/hópa eða einstaklinga, að því loknu er tekið tillit til annarra liða/einstaklinga í viðkomandi íþróttagrein. Við mat á störfum sérsambanda og fjárhæðum styrkja innan flokks skal litið til þeirra lykilþátta sem taldir eru upp í viðmiðum afreksflokka, auk þess sem tekið skal mið af eftirfarandi atriðum:

- a) Keppnisfyrirkomulags í viðkomandi íþróttagreinum.
- b) Þátttökumöguleika á Ólympíuleikum/Paralympic Games.
- c) Stærð sérsambands (þ.m.t. fjölda iðkenda, yngri keppenda og afreksíþróttafólks).
- d) Hæfileikamótun sérsambands og þeirra afreksefna sem eru til staðar í viðkomandi íþróttagrein, samanber afreksstefnu sérsambands.
- e) Búnaðarþörf íþróttagreinar þegar ákvarðanir eru teknar.
- f) Áhættumats á viðkomandi íþróttagrein.
- g) Huga að daglegu lífi íþróttafólks sem er í fremstu röð í viðkomandi íþróttagrein. Leitast skal við að viðkomandi aðilar geti stundað nám eða aflað sér tekna samhliða sínum ferli.

## 16. GREIN - AUGLÝSING EFTIR UMSÓKNUM

Afrekssjóður ÍSí skal auglýsa eftir umsóknum a.m.k. einu sinni á ári og ber umsóknaraðilum að virða þær dagsetningar sem getið er um í auglýsingu. Umsókn telst gild hafi hún borist á réttum tíma til Afrekssjóðs ÍSí.

Sérsambönd geta þó sent inn umsóknir til Afrekssjóðs ÍSí utan auglýsts umsóknartímabils og getur sjóðsstjórn ákveðið að taka þær fyrir, telji stjórnin sérstakar ástæður til þess.

## 17. GREIN - UMSÓKNIR

Umsóknir skulu berast stjórn Afrekssjóðs ÍSí með rafrænum hætti á þar til gerðum eyðublöðum, sem sjóðsstjórn lætur í té.

Ítarleg fjárhagsáætlun skal fylgja hverri umsókn auk annarra fylgiskjala sem getið er um í umsóknareyðublöðum.

Afrekssjóður ÍSí skal gefa út leiðbeiningar vegna styrkumsókna og skulu þær vera aðgengilegar hverju sinni á heimasíðu ÍSí.

ÍSí skal aðstoða umsækjendur og leiðbeina þeim eftir því sem framast er unnt við umsókn þeirra og áætlanagerð.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí skal svara með skriflegum hætti öllum umsóknum sem berast sjóðnum.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí skal rökstyðja skriflega allar úthlutanir sem sjóðurinn tekur ákvörðun um, með tilvísun í reglugerð sjóðsins, og birta þær á heimasíðu sjóðsins/ÍSí.

## 18. GREIN - ÁKVÖRÐUN UM ÚTHLUTUN STYRKJA

Afrekssjóður ÍSí tekur afstöðu til fullbúinna umsókna sérsambanda þegar flokkun sérsambanda í afreksflokka liggur fyrir.

Í tengslum við meðferð umsókna getur sjóðurinn kallað eftir gögnum og frekari upplýsingum frá sérsamböndum og fulltrúum þeirra. Skulu umsóknir teknar til umfjöllunar á fundum sjóðsins, og í tengslum við meðferð þeirra getur sjóðurinn kallað fulltrúa sérsambanda til fundar og upplýsingagjafar.





Tillögur Afrekssjóðs ÍSí skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórn til endanlegrar staðfestingar. Það á jafnframt við um flokkun sérsambanda í afrekflokka. Framkvæmdastjórn ÍSí getur óskað eftir því að Afrekssjóður ÍSí taki tillögur sínar til efnislegrar endurskoðunar áður en þær eru endanlega staðfestar af framkvæmdastjórn.

Styrki til A - sérsambanda er heimilt að veita til allt að fjögurra ára í senn, styrki til B - sérsambanda er heimilt að veita til allt að tveggja ára í senn og styrki til C - sérsambanda skal veita til eins árs hverju sinni.

Ákvarðanir sjóðsstjórnar, sem hlotið hafa staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSí, eru endanlegar og eru þær ekki kærnanlegar.

### **19. GREIN - VARÐVEISLA OG AÐGANGUR AÐ GÖGNUM**

Umsóknir, samstarfssamningar og önnur gögn skulu geymd í skjalasafni Afrekssjóðs ÍSí, sem er í vörslu ÍSí.

Forsvaraðilum sérsambands skal heimilaður aðgangur að þeim gögnum sem viðkomandi sérsamband hefur sent Afrekssjóði ÍSí á fyrri stigum. Að öðru leyti skal sjóðsstjórn gæta trúnaðar um umsóknir einstakra aðila.

### **20. GREIN - SAMNINGAR UM STYRKI**

Þegar stjórn Afrekssjóðs ÍSí hefur tekið ákvörðun um úthlutun styrks til sérsambands ÍSí, skal gerður sérstakur samningur milli aðila þar sem markmið, greiðslur og önnur atriði vegna viðkomandi verkefna og tímabils skulu skilgreind.

Þá skal viðkomandi sérsamband ÍSí gera skriflegan samning við þá einstaklinga, eða forráðmann sé viðkomandi undir lögaldri, sem tilgreindir eru sérstaklega í samningi ÍSí og sérsambands þar sem markmið, greiðslur, þátttaka í verkefnum, skýrsluskil og önnur atriði eru skilgreind skilmerkilega.

Styrkir eru veittir vegna þeirra umsókna sem berast sjóðnum og skal styrkjum ráðstafað til ákveðinna verkefna/kostnaðarþátta sem um er getið í umsókn og í samningi.

### **21. GREIN - GREIÐSLUR**

Allar greiðslur úr Afrekssjóði ÍSí, einnig þær sem tengdar eru verkefnum einstaklinga, skulu berast til viðkomandi sérsambands ÍSí.

Óheimilt er að hefja greiðslur styrkja fyrr en ítarleg aðgerðaráætlun liggur fyrir.

Sérsamböndum er skylt að verja fjármunum úr Afrekssjóði ÍSí í fyrirfram skilgreind afreksmál og er óheimilt að verja styrkgreiðslum í almennan rekstur eða annan rekstur sinn.

Heimilt er að nýta hluta af styrkuppþæðum sem framfærslustyrki sem sérsambönd ÍSí geta greitt beint til einstaklinga. Skal farið með slíkar greiðslur á sama hátt og um launagreiðslur sé að ræða og skulu slíkar heimildir og fyrirkomulag vera tilgreint í samningum milli Afrekssjóðs ÍSí og sérsambands ÍSí sem og í samningi sérsambands ÍSí og einstaklings.

Heimilt er að skipta greiðslum vegna styrkja og skulu fjárhæðir vera greiddar út samkvæmt nánara samkomulagi við sjóðinn, sem getið er um í fyrirbyggjandi samningi.

Lokagreiðsla styrkja skal ávallt vera háð skilum á lokaskýrslu/skilagrein þar sem fjárhagslegt uppgjör verkefna er tilgreint.







Sérsambönd skulu sérstaklega tiltaka styrkveitingar úr Afrekssjóði ÍSí í sínum ársreikningi og skulu þær vera aðgreindar frá öðrum styrkjum til sambandsins.

## **22. GREIN - SKILAGREINAR OG FYRNINGAR**

Sérsambönd ÍSí, sem hljóta styrki úr Afrekssjóði ÍSí, skulu senda sjóðsstjórn skilagreinar um ráðstöfun styrkja við lok hvers rekstrarárs eða samkvæmt samningi sé um það fjallað sérstaklega. Hafi skilagrein ekki borist innan þriggja mánaða frá skilafresti, ber að fella niður þann hluta styrksins sem þá er ógreiddur og segja upp samningi sjóðsins við sérsamband. Þá getur Afrekssjóður ÍSí óskað eftir því að sérsamband ÍSí endurgreiði Afrekssjóði ÍSí þann hluta styrksins sem þegar hefur verið greiddur, að því marki sem ekki liggur ljóst fyrir hvernig þeim fjármunum hefur verið ráðstafað, eða ef ráðstöfun er ekki í samræmi við samninginn.

Í byrjun apríl ár hvert skal stjórn sjóðsins taka saman lista yfir þá styrki sem fella á niður samkvæmt þessari reglugerð. Skal listinn borinn undir stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóra ÍSí til samþykktar og staðfestur af framkvæmdastjórn ÍSí. Að því loknu skal styrkþegum tilkynnt um niðurfellingu styrksins.

## **23. GREIN - BREYTTAR FORSENDUR**

Sjóðsstjórn getur frestað eða fellt niður styrkveitingar tafarlaust ef skilyrðum samkvæmt reglugerð þessari er ekki lengur fullnægt, aðstæður breytast eða sjóðsstjórn hafi verið veittar rangar eða villandi upplýsingar. Eins getur sjóðsstjórn frestað eða fellt niður frekari styrkveitingar ef sérsamband fylgir ekki eftir áætlunum sínum, upphafleg áætlun tekur breytingum, forsendur styrkveitingar ganga ekki eftir eða sérsamband stendur ekki skil á nauðsynlegum upplýsingum til sjóðsins.

Fái sérsamband, eða einstaklingur sem nýtur sérstaks stuðnings Afrekssjóðs ÍSí vegna verkefna sinna, greiddar verulegar fjárhæðir vegna íþróttaiðkunar og/eða árangurs getur Afrekssjóður ÍSí dregið úr styrkveitingum sínum eða fellt þær niður. Þá skal Afrekssjóði ÍSí vera heimilt að líta til slíkra atriða við síðari úthlutanir.

## **24. GREIN - ÓLYMPÍUSAMHJÁLPIN**

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí skal vera eftirlitsaðili með því að afreksstyrkir Ólympíusamhjalparinnar (Olympic Solidarity) renni til Ólympíuíþróttaskv. skilgreindum umsóknum ÍSí til Ólympíusamhjalparinnar í samráði við framkvæmdastjórn ÍSí og viðkomandi sérsambönd ÍSí. Sjóðsstjórn er heimilt að taka tillit til styrkveitinga Ólympíusamhjalparinnar, þegar hún ákveður sínar eigin styrkveitingar.

## **25. GREIN - AÐRIR AFREKSSTYRKIR ÍSÍ**

Framkvæmdastjórn ÍSí getur falið Afrekssjóði ÍSí umsjón með öðrum styrkveitingum sem tengjast afreksíþróttum. Á það m.a. við um sérstaka styrki sem ÍSí úthlutar í nafni Ólympíufjölskyldu ÍSí, sem og aðra styrki sem framkvæmdastjórn ÍSí telur æskilegt að stjórn Afrekssjóðs ÍSí hafi umsjón með.

Skulu þessir styrkir falla undir sömu ákvæði og aðrir styrkir Afrekssjóðs ÍSí hvað varðar umsóknir, skilagreinar, greiðslur, fyrningar, eftirlit og skyldur þeirra aðila sem tengjast styrknum.







## 26. GREIN - SKYLDUR SÉRSAMBANDS ÍSÍ VEGNA EINSTAKLINGA

Sérsamband ÍSÍ skal leggja sig fram um að tryggja eftir fremsta megni að:

Einstaklingur sem nýtur stuðnings Afrekssjóðs ÍSÍ þarf að sýna að hann hafi hæfileika til að ná árangri á alþjóðlegum mælikvarða, samkvæmt skilgreiningu viðkomandi sérsambands ÍSÍ. Hann gangist undir skilyrði um reglusemi, stranga æfingaáætlun, sýni stígandi framfarir í íþrótt sinni og verði öðrum góð fyrirmynd.

Einstaklingur, sem nýtur skilgreindra styrkja Afrekssjóðs ÍSÍ vegna verkefna sinna, geri sérsambandinu og þar með Afrekssjóði ÍSÍ grein fyrir þeim tekjum og samningum sem hann hefur unnið til á meðan hann hlýtur styrk frá sérsambandi sínu, sé þess óskað.

Einstaklingur, sem nýtur skilgreindra styrkja Afrekssjóðs ÍSÍ vegna verkefna sinna, gegni ákveðnum skyldum gagnvart sínu sérsambandi og ÍSÍ, svo sem skyldum varðandi reglur ÍSÍ um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, siða- og agareglur ÍSÍ, Ólympíusáttmálanum, reglur varðandi auglýsingar og markaðsmál í undanfara og á meðan Ólympíuleikum stendur, almennt kynningarstarf í skólum og íþróttafélögum, þátttöku í kynningarverkefnum ÍSÍ og Ólympíufjölskyldu ÍSÍ svo og skilyrðum um þátttöku í Íslandsmótum. Skulu sérstök ákvæði þar að lútandi koma fram í samningi þeim er gerður er milli viðkomandi sérsambands ÍSÍ og einstaklings.

## 27. GREIN - LYFJAPRÓF

Falli einstaklingur, sem nýtur skilgreindra styrkja Afrekssjóðs ÍSÍ vegna verkefna sinna, á lyfjaprófi á samningstímabili skal Afrekssjóður ÍSÍ stöðva frekari greiðslur til sérsambands, vegna verkefna viðkomandi einstaklings, á meðan beðið er endanlegrar niðurstöðu frá dómstólum ÍSÍ.

Verði einstaklingur dæmdur fyrir brot á lyfjalögum ÍSÍ skal tafarlaust segja upp þeim hluta samnings Afrekssjóðs ÍSÍ við sérsamband sem viðkemur viðkomandi einstaklingi og falla allir styrkir vegna viðkomandi einstaklings niður og Afrekssjóður á endurkröfurétt á því sem greitt hefur verið vegna viðkomandi einstaklings Einstaklingi sem hlýtur refsingu vegna brota á lögum ÍSÍ um lyfjamál er óheimilt að njóta styrkja úr sjóðnum á meðan hann tekur út sína refsingu. Þá er stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ heimilt að útiloka aðild einstaklings að frekari styrkjum úr Afrekssjóði ÍSÍ.

Verði sérsamband upplýst um hugsanlegt brot á lyfjareglum WADA hjá einstaklingi sem tilgreindur er í umsókn sérsambands um styrk frá Afrekssjóði ÍSÍ er sérsambandi skylt að afturkalla umsókn sína að því er varðar viðkomandi einstakling eða óska eftir því að hún sé sett til hliðar á meðan að málið er í meðferð hjá þar til bærum aðilum.

## 28. GREIN - FAGTEYMI

Fagteymi ÍSÍ er samnefnari fagteyma sérsambanda ÍSÍ, en í fagteymi eru þeir aðilar sem koma að heilbrigðisþáttum og íþróttamælingum viðkomandi íþróttagreinar, s.s. lækna, sjúkrálfálfarar, sálfræðingar, næringafræðingar, lífeðlisfræðingar, íþróttufræðingar og aðrir fagaðilar tengdir sérsamböndum ÍSÍ, heilbrigðiskerfinu og menntastofnunum.

Afreksíþróttamiðstöð ÍSÍ er vettvangur íþróttamælinga og þjónustu við sérsambönd ÍSÍ og afreksíþróttafólk. Í gegnum miðstöðina skal lögð áhersla á að auka íþróttamælingar í tengslum við afreksíþróttastarf og stuðla að bættum árangri og að fyrirbyggja meiðsli í tengslum við afreksíþróttir.





Ein forsenda styrkveitingar er að sérsamband hafi á að skipa fagteymi, og er litið til þess við úthlutun afreksstyrkja. Í því skyni getur Afreksjóður ÍSÍ ákveðið að hlutfall styrkja sem rennur til sérsambanda skuli varið til að standa undir fagteymiskostnaði þeirra og/eða undir sameiginlegri þjónustu til hagsbóta fyrir sérsambönd ÍSÍ, s.s. þjónustu Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSÍ.

### **29. GREIN - HEIMASÍÐA SJÓÐSINS**

Afrekssjóður ÍSÍ skal halda úti aðgreindu vefsvæði á heimasíðu ÍSÍ þar sem meðal annars skulu koma fram upplýsingar um styrkveitingar, reglur og leiðbeiningar vegna umsókna, auglýsingar sjóðsins varðandi styrki, stjórn sjóðsins, niðurstöður úthlutana, tölfræðilegar upplýsingar, skýrslur varðandi framkvæmd styrktra verkefna, ársreikninga sjóðsins og skýrslur um starfsemi hans.

### **30. GREIN - SLIT SJÓÐSINS**

Ef ákveðið verður að leggja niður starfsemi sjóðsins skulu óráðstafaðar eignir hans renna til sambærilegra verkefna á vegum ÍSÍ og lýst er í reglugerð þessari og skal framkvæmdastjórn ÍSÍ taka við skyldum sjóðsins þar til eignum sjóðsins er að fullu ráðstafað.

### **31. GREIN - GILDISTÍMI**

Reglugerð þessi er sett með tilvísun til samþykktar íþróttáþings um Afreksstefnu ÍSÍ. Reglugerð þessa skal endurskoða árlega.

### **ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA**

Að loknu Íþróttáþingi ÍSÍ 2017 er fyrirhugað að úthluta viðbótarstyrkjum til sérsambanda ÍSÍ vegna verkefna ársins 2017. ÍSÍ mun kalla eftir uppfærðum upplýsingum frá sérsamböndum og munu þau gögn byggja á þeim umsóknum sem skilað var inn til sjóðsins vegna ársins 2017 sem og þeim endurskoðuðu áætlunum sem borist hafa til sjóðsins vegna verkefna 2017.

Við úthlutunina mun sjóðsstjórnin flokka sérsambönd í afreksflokka samkvæmt reglugerð þessari og verður fjármunum sjóðsins skipt niður á afreksflokka á grundvelli reglugerðarinnar. Stjórn sjóðsins er jafraamt heimilt að meta aðra þætti og gera tillögu að upphæðum samkvæmt forsendum í reglugerð sjóðsins.

Styrkúthlutun að loknu Íþróttáþingi ÍSÍ 2017 verður eingöngu vegna verkefna ársins 2017, en samhliða því mun sjóðsstjórn hefja undirbúning vegna úthlutana til lengri tíma, eins og getið er um í reglugerð sjóðsins. Úthlutun styrkja skal vera lokið eigi síðar en 30. júní 2017.

Stjórn Afreksjóðs ÍSÍ skal vera heimilt að veita undanþágu frá þeirri kröfu að afreksstefnur sérsambanda skulu vera til fjögurra eða átta ára fyrir sérsambönd í flokki A/Afreks-sérsambanda og B/Alþjóðlegra sérsambanda. Gildir sú undanþága fram að næsta sérsambandsþingi viðkomandi sérsambands, en að því loknu skal afreksstefna sérsambands uppfylla kröfur ÍSÍ varðandi gildistíma og innihald.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ, 11. maí 2017.

